



Til aðildarhafna

Reykjavík 9. apríl 2026

2512003HA BG
Málalykill: 30.22

Efni: Minnisblað vegna virðisaukaskattskyldu skemmtiferðaskipa

Fram hafa komið spurningar um virðisaukaskattskyldu skemmtiferðaskipa við innanlandssiglingar við Ísland. Hafnasamband Íslands vill því koma eftirfarandi á framfæri til sinna aðildarhafna. Meðfylgjandi er einnig ákvarðandi bréf 2/2025 frá Skattinum ásamt nánari svörum Skattsins um málefnið. Mikilvægt er að hafnir hafa þetta í huga við reikningagerð. Meðfylgjandi er einnig til upplýsinga bréf Hafnasambands Íslands til Samgöngustofu þar sem óskað er eftir uppfærslu á SafeSeaNet.

Í stuttu máli er staðan eftirfarandi:

1. MILLILANDASIGLINGAR

Meginreglan er sú að skemmtiferðaskip í millilandasiglingum eru undanþegin virðisaukaskatti hér á landi og greiða þess í stað innviðagjald.

2. INNANLANDSSIGLINGAR – S.S. HRINGSIGLINGAR

Ef skip tekur farþega um borð hér á landi, siglir með þá milli hafna hér á landi og skilar þeim aftur í land hér, án viðkomu erlendis, telst um innanlandssiglingu að ræða.

3. SKIP SEM KOMA TIL LANDSINS, SIGLA HÉR OG FARA SVO AFTUR ÚR LANDI

Í þessum tilvikum ræðst niðurstaðan af uppsetningu ferðarinnar og farþegaflæðinu. Ef farþegar koma með skipinu erlendis frá og fara aftur með sama skipi úr landi í sömu ferð telst ferðin almennt áfram til millilandasiglinga. Ef hins vegar eru nýir farþegar teknir um borð hér á landi til siglingar eingöngu innan íslenskrar lögsögu telst sá hluti ferðarinnar almennt til innanlandssiglinga og verður þar með virðisaukaskattskyldur. Því verður ekki fullyrt almennt að upphafs- eða lokaferð sé sjálfkrafa undanþegin eða skattskyld; það fer eftir því hverjir fara um borð hér, hverjir fara frá borði hér og hvort ferðin er hluti af samfelldri millilandaferð eða sérstakri innanlandsferð. Við slíkar aðstæður er sérstaklega mikilvægt að reikningagerð endurspegli eðli ferðarinnar.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Óbeinir skattar

- [2025](#)
- [2024](#)
- [2023](#)
- [2022](#)
- [2021](#)
- [2020](#)
- [2019](#)
- [2018](#)
- [2017](#)
- [2016](#)
- [2015](#)
- [2014](#)
- [2013](#)
- [2012](#)
- [2011](#)
- [2010](#)
- [2009](#)
- [2008](#)
- [2007](#)
- [2006](#)
- [2005](#)
- [2004](#)
- [2003](#)
- [2002](#)
- [2001](#)
- [2000](#)
- [1999](#)
- [1998](#)

Óbeinir skattar

Ákvarðandi bréf 2/2025

Virðisaukaskattur – skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum

29.8.2025

Að gefnu tilefni veður ríkisskattstjóri athygli á ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er varða virðisaukaskattsskyldu rekstraraðila skemmtiferðaskipa vegna starfsemi þeirra við innanlandssiglingar við Ísland.

i. Skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum

Með skemmtiferðaskipi í innanlandssiglingum er átt við skemmtiferðaskip sem tekur farþega um borð hér á landi, siglir með þá á milli hafna hér á landi (venjulega í kringum landið) og skilar þeim síðan aftur á landi, án viðkomu erlendis.



Þess skal getið að ef skemmtiferðaskip í millilandasiglingum hefur með sér farþega að utan sem fara frá borði hér á landi og aðrir farþegar eru teknir um borð í farið sem aðeins sigla með því innan íslenskrar lögsögu telst það far í innanlandssiglingum í þeirri ferð.

Far telst því í millilandasiglingum ef farþegar koma með farinu erlendis frá og fara með sama skipi, í sömu ferð, aftur erlendis sem og ef farþegar koma til landsins með skemmtiferðaskipi en aðrir farþegar fara með því aftur erlendis. Athugið að í áliti þessu er ekki fjallað um rekstraraðila skemmtiferðaskipa í slíkum ferðum.

ii. Skattskyldusvið virðisaukaskatts, skatthlutfall, skattskyldir aðilar og tilkynningarskylda

Greiða skal í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu, eins og nánar er ákveðið í lögum nr. 50/1988, sbr. 1. gr. þeirra laga. Skattskyldusvið virðisaukaskatts er markað með víðtækum hætti í 2. gr. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. tekur skattskyldan til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra. Þá segir í 2. mgr. að skattskyldan nái til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, sbr. þó 3. mgr. þar sem talin er upp með tæmandi hætti sú vinna og þjónusta sem undanþegin er virðisaukaskatti.

Skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á hverjum þeim sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi sinni selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988.

Skattskylda virðisaukaskatts einskorðast ekki við aðila sem heimilisfastir eru hér á landi eða hafa hér fasta starfsstöð. Í 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988 segir þannig að skattskylda hvíli á umboðsmönnum og öðrum sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti.

Hver sá sem skattskyldur er samkvæmt 3. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 50/1988 skal ótilkvaddur og eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá Skattinum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988, sbr. I. kafli reglugerðar nr. 515/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Hafi rekstraraðili ekki fasta starfsstöð hérlendis ber honum að fela umboðsmanni með heimilisfesti hér á landi að vera í fyrirsvari fyrir sig vegna virðisaukaskatts, þ.m.t. að tilkynna um starfsemina til Skattsins, innheimta virðisaukaskatt af skattskyldri þjónustu og skila í ríkissjóð. Umboðsaðili getur hvort heldur verið einstaklingur eða lögaðili og er skráning hans sem slíks, á virðisaukaskattsskrá, óháð og aðskilin skráningu hans vegna eigin starfsemi sem hann kann að stunda. Umboðsmaður og hinn erlendi aðili bera óskipta ábyrgð (solidaríska) á greiðslu virðisaukaskatts hins erlendra aðila.

Til skattskyldrar veltu skráðs aðila telst samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988 öll sala eða afhending vöru og verðmæta gegn greiðslu, svo og seld vinna og þjónusta. Skattskyld velta á hverju uppgjörstímabili, sbr. 24. gr. laganna, telst heildarskattverð allra vara sem afhentar hafa verið, svo og heildarskattverð allrar skattskyldrar vinnu og þjónustu sem innt hefur verið af hendi á tímabilinu, sbr. 1. mgr. 13. gr. laganna.

Almennt skatthlutfall virðisaukaskatts er 24%, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988. Þrátt fyrir framangreint eru í 2. mgr. 14. gr. laganna taldar þær vörur og sú þjónusta sem fellur undir lægra skatthlutfall virðisaukaskatts, 11%. Má meðal annars nefna fólksflutninga, gistiþjónustu og sölu á matvörum og öðrum vörum til mannelis, sbr. 1., 2. og 8. tölul. 2. mgr.

Við skráningu öðlast skattskyldir aðilar rétt til að færa til innskatts virðisaukaskatt þann sem fellur til við kaup þeirra á skattskyldum vörum og þjónustu til nota í rekstrinum, svo og virðisaukaskatt af innflutningi þeirra, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 50/1988.

iii. Starfsemi rekstraraðila skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum

Starfsemi rekstraraðila skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum er skattskyld samkvæmt 2. gr. laga nr. 50/1988. Starfsemi þeirra er fölgin í meðal annars fólksflutningum, gistiþjónustu og sölu á veitingum. Framangreinds er algengt í slíkum förum að boðið sé upp á ýmsa aðra skattskylda þjónustu um boðning, dæmaskyni má nefna þjónustu heilsulinda, snyrtiþjónustu og ferðatengda afþreyingarþjónustu af ýmsu tagi

sem skattskyld er samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Þá er sala á hvers kyns vörum um borð í slíkum förum innan íslenskrar lögsögu skattskyld samkvæmt 1. mgr. sömu greinar.

Skattskyldan tekur einnig til þeirra tilvika þegar rekstraraðilar skemmtiferðaskipa endurselja ferðatengda þjónustu, svo sem dagsferðir eða aðra skattskylda þjónustu til farþega sinna þegar skip taka höfn.

iv. Niðurlag

Rekstraraðilum skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum ber samkvæmt öllu framansögðu að tilkynna starfsemi sína til skráningar á virðisaukaskattsskrá, enda uppfylli þeir skilyrði skráningar, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988. Þeim ber þá að innheimta og skila virðisaukaskatti af sölu sinni á vöru og þjónustu til afhendingar hér á landi. Á móti kemur að við skráningu öðlast rekstraraðili rétt til færslu innskatts af aðföngum til nota við skattskylda starfsemi sína, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 50/1988.

Sé rekstraraðili skemmtiferðaskips í innanlandssiglingum erlendur aðili, sem ekki hefur hér fasta starfsstöð, ber honum að tilkynna starfsemi sína til skráningar með atbeina umboðsmanns. Skráning á virðisaukaskattsskrá er þá gerð í nafni umboðsmannsins fyrir hönd hins erlenda aðila og bera þeir sameiginlega ábyrgð á skilum og greiðslu skattsins.

Skráningu á virðisaukaskattsskrá er aflað með skilum á rafrænni umsókn á þjónustuvef Skattsins. Þegar um skráningu erlends aðila fyrir atbeina umboðsmanns er að ræða þarf þó að notast við eyðublaðið RSK 5.02. Nægilegt er að senda afrit af útfylltu eyðublaði á netfangið skatturinn@skatturinn.is en láta skal samning um veitingu þeirrar þjónustu fylgja með eyðublaðinu. Sé um afturvirka skráningu á virðisaukaskattsskrá að ræða ber einnig að láta fylgja með virðisaukaskattsskýrslur, á eyðublaði RSK 10.01, vegna allra gjaldfallinna uppgjörstímabila virðisaukaskatts frá upphafsdegi skráningar.

Ríkisskattstjóri



Svör Skattsins.



Hæ hæ,

Sjá svör í rauðu.

1. Munu erlendu skipafélögin þurfa að leggja virðisaukaskatt ofan á selda miða fyrir ferðir til Íslands?

Já, samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, ber að innheimta VSK af sölu á öllum vörum og þjónustu innan íslenskrar skattalögsögu nema salan sé sérstaklega undanþegin. Starfsemi aðila þarf auk þess að vera í atvinnuskyni þ.e. að tekjur af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði hærri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með VSK til starfseminnar. Ferðir skemmtiferðaskipa innan lögsögunnar eru ekki sérstaklega undanþegnar VSK og ber því að innheimta VSK af öllum seldum ferðum ef starfsemin er rekin í atvinnuskyni. Sala á fólksflutningum ber 11% virðisaukaskatt en ferð með skemmtiferðaskipi fellur þar undir. Þess ber að geta að með skráningu á VSK-skrá öðlast skemmtiferðaskipin rétt til að telja til innskatts VSK af aðföngum til starfseminnar.

2. Ef já, á það við um bæði innanlandssiglingar og millilandasiglingar (eða er innviðagjaldið hugsað til þess)?

Skemmtiferðaskip sem hafa með höndum millilandasiglingar eru ekki virðisaukaskattsskyld hér á landi. Þess í stað hefur verið lagt á þau innviðagjald sem þau greiða fyrir hvern farþega fyrir hvern byrjaðan sólarhring innan íslenskrar lögsögu. Teljist skipið þó vera í innanlandssiglingum er starfsemin orðin virðisaukaskattsskyld og rekstraraðili skipsins því skyldugur til að tilkynna starfsemina til ríkisskattstjóra til skráningar á virðisaukaskattsskrá.

3. Ef já, og skipin eru að selja heildarpakka sem inniheldur þessa hluti hér að neðan, hvaða virðisaukaskattsprósenta væri sú sem ætti að nota?
 1. Káeta um borð – 11%
 2. Hótel fyrir eða eftir ferð – 11%

3. Gisting á hóteli í landi – 11%
4. Ferðir til eða frá hóteli – 11%
5. Matur og vín – 11%
6. Rútuferðir með leiðsögumanni – 11%
7. Rútuferðir án leiðsögumanns – 11%
8. Merkt vara (vatnsbrúsi/taska sambærilegt) oft gefið með ferð(gjöf eða innifalið) - 24%
9. Ómerkt vara (vatnsbrúsi/taska sambærilegt) oft gefið með ferð(gjöf eða innifalið) - 24 %

Líkt og fram kemur í svari nr. 1 fellur sala á fólksflutningum undir lægra skatthlutfall virðisaukaskatts, 11%. Hins vegar þegar um heildarpakka er að ræða þar sem engin sundurliðun á inniföldum vörum og/eða þjónustu er til staðar þarf að skoða hvað er innifalið í pakkanum og í hvaða skatthlutfalli þjónustan og/eða varan er.

Heildarpakkinn fellur þá í það skatthlutfall sem hæst er á einstaka vöru eða þjónustu innan pakkans. Sé t.d. allt ofangreint innifalið í seldri ferð, þ.e. liðir a-i, myndi allur pakkinn bera 24% virðisaukaskatt enda eru þar vörur sem almennt bera 24% virðisaukaskatt. Komi fram sundurliðun á því sem innifalið er í pakkanum á reikningi er heimilt að halda því sem fellur almennt undir 11% virðisaukaskatt í 11% skatti og 24% virðisaukaskatt í 24% skatti.

4. Ef skipin eru farin að innheimta virðisaukaskatt á selda miða er þeim þá heimilt að innskatta keyptar vörur eins og t.d.
 1. Olía
 2. Hafnagjöld
 3. Matur
 4. Annað

Meginreglan er sú að skráður aðili má telja virðisaukaskatt af keyptum vörum og skattskyldri þjónustu (aðföngum) til innskatts þegar aðföngin varða eingöngu sölu hans á vörum og skattskyldri þjónustu.

5. Hvenær er gildistaka þessa hér fyrir ofan?

Vakin er athygli á umfjöllun í kaflanum um frestun á afnámi tollfrelsis í nefndarálití meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, [356/155 nefndarálit: skattar og gjöld | Þingtíðindi | Alþingi](#). Þar er því beint til yfirvalda og rekstraraðila þessara skipa að þeim beri að greiða virðisaukaskatt í samræmi við lög nr. [50/1988](#) og skrá sig á

virðisaukaskattsskrá í samræmi við 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Skylda til að tilkynna starfsemi sína til ríkisskattstjóra til skráningar á virðisaukaskattsskrá hefur því verið í gildi lengi og er því ekki ný af nálinni.

Varðandi tollfrelsi skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum þá fellur það brott 1. janúar 2026 skv. þeim lagaákvæðum sem eru í gildi í dag.



Samgöngustofa
Ármúli 2
108 Reykjavík

Reykjavík 10. apríl 2026

2512003HA BG
Málalykill: 30.22

Efni: Beiðni um uppfærslu á SafeSeaNet

Hafnasamband Íslands óskar eftir því að SafeSeaNet verði uppfært þannig að skemmtiferðaskip geti við skráningu ferða merkt sérstaklega við hvort viðkomandi ferð teljist vera millilandasigling eða innanlandssigling í skilningi reglna um virðisaukaskatt, og þar með hvort ferðin sé virðisaukaskattsskyld hér á landi eða ekki.

Slík skráning hefði verulega þýðingu fyrir skýrleika í framkvæmd, meðal annars hjá höfnum og öðrum þjónustuaðilum sem þurfa að haga reikningagerð og gjalddöku í samræmi við eðli viðkomandi ferðar. Þetta á sérstaklega við í þeim tilvikum þegar skip kemur til landsins, siglir hér innanlands að hluta og heldur síðan aftur úr landi, en þá getur flokkun ferðar haft úrslitabýðingu. Það er því mikilvægt að unnt sé að skrá þessar upplýsingar með skýrum og aðgengilegum hætti í kerfinu þar sem kerfið heldur nú þegar utan um allar ferðir skemmtiferðaskipa.

Hafnarsamband Íslands telur brýnt að koma á þessari skipan við skráningu í SafeSeaNet hið fyrsta.

Meðfylgjandi er ákvarðandi bréf Skattsins nr. 2/2025 sem útskýrir málið betur af hverju það skiptir máli að flokka ferðir skipa rétt.

Sé óskað eftir nánari upplýsingum er hægt að hafa samband við undirritaða á netfangið bryndis@samband.is eða í síma 515-4900. Hafnasamband Íslands óskar einnig eftir að fá fund til að fylgja þessu eftir.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Bryndís Gunnlaugsdóttir



Til aðildarhafna

Reykjavík 9. apríl 2026

2512003HA BG
Málalykill: 30.22

Efni: Minnisblað vegna virðisaukaskattskyldu skemmtiferðaskipa

Fram hafa komið spurningar um virðisaukaskattskyldu skemmtiferðaskipa við innanlandssiglingar við Ísland. Hafnasamband Íslands vill því koma eftirfarandi á framfæri til sinna aðildarhafna. Meðfylgjandi er einnig ákvarðandi bréf 2/2025 frá Skattinum ásamt nánari svörum Skattsins um málefnið. Mikilvægt er að hafnir hafa þetta í huga við reikningagerð. Meðfylgjandi er einnig til upplýsinga bréf Hafnasambands Íslands til Samgöngustofu þar sem óskað er eftir uppfærslu á SafeSeaNet.

Í stuttu máli er staðan eftirfarandi:

1. MILLILANDASIGLINGAR

Meginreglan er sú að skemmtiferðaskip í millilandasiglingum eru undanþegin virðisaukaskatti hér á landi og greiða þess í stað innviðagjald.

2. INNANLANDSSIGLINGAR – S.S. HRINGSIGLINGAR

Ef skip tekur farþega um borð hér á landi, siglir með þá milli hafna hér á landi og skilar þeim aftur í land hér, án viðkomu erlendis, telst um innanlandssiglingu að ræða.

3. SKIP SEM KOMA TIL LANDSINS, SIGLA HÉR OG FARA SVO AFTUR ÚR LANDI

Í þessum tilvikum ræðst niðurstaðan af uppsetningu ferðarinnar og farþegaflæðinu. Ef farþegar koma með skipinu erlendis frá og fara aftur með sama skipi úr landi í sömu ferð telst ferðin almennt áfram til millilandasiglinga. Ef hins vegar eru nýir farþegar teknir um borð hér á landi til siglingar eingöngu innan íslenskrar lögsögu telst sá hluti ferðarinnar almennt til innanlandssiglinga og verður þar með virðisaukaskattskyldur. Því verður ekki fullyrt almennt að upphafs- eða lokaferð sé sjálfkrafa undanþegin eða skattskyld; það fer eftir því hverjir fara um borð hér, hverjir fara frá borði hér og hvort ferðin er hluti af samfelldri millilandaferð eða sérstakri innanlandsferð. Við slíkar aðstæður er sérstaklega mikilvægt að reikningagerð endurspegli eðli ferðarinnar.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Óbeinir skattar

- [2025](#)
- [2024](#)
- [2023](#)
- [2022](#)
- [2021](#)
- [2020](#)
- [2019](#)
- [2018](#)
- [2017](#)
- [2016](#)
- [2015](#)
- [2014](#)
- [2013](#)
- [2012](#)
- [2011](#)
- [2010](#)
- [2009](#)
- [2008](#)
- [2007](#)
- [2006](#)
- [2005](#)
- [2004](#)
- [2003](#)
- [2002](#)
- [2001](#)
- [2000](#)
- [1999](#)
- [1998](#)

Óbeinir skattar

Ákvarðandi bréf 2/2025

Virðisaukaskattur – skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum

29.8.2025

Að gefnu tilefni veur ríkisskattstjóri athygli á ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er varða virðisaukaskattsskyldu rekstraraðila skemmtiferðaskipa vegna starfsemi þeirra við innanlandssiglingar við Ísland.

i. Skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum

Með skemmtiferðaskipi í innanlandssiglingum er átt við skemmtiferðaskip sem tekur farþega um borð hér á landi, siglir með þá á milli hafna hér á landi (venjulega í kringum landið) og skilar þeim síðan aftur hér á landi, án viðkomu erlendis.



Þess skal getið að ef skemmtiferðaskip í millilandasiglingum hefur með sér farþega að utan sem fara frá borði hér á landi og aðrir farþegar eru teknir um borð í farið sem aðeins sigla með því innan íslenskrar lögsögu telst það far í innanlandssiglingum í þeirri ferð.

Far telst því í millilandasiglingum ef farþegar koma með farinu erlendis frá og fara með sama skipi, í sömu ferð, aftur erlendis sem og ef farþegar koma til landsins með skemmtiferðaskipi en aðrir farþegar fara með því aftur erlendis. Athugið að í áliti þessu er ekki fjallað um rekstraraðila skemmtiferðaskipa í slíkum ferðum.

ii. Skattskyldusvið virðisaukaskatts, skatthlutfall, skattskyldir aðilar og tilkynningarskylda

Greiða skal í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu, eins og nánar er ákveðið í lögum nr. 50/1988, sbr. 1. gr. þeirra laga. Skattskyldusvið virðisaukaskatts er markað með víðtækum hætti í 2. gr. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. tekur skattskyldan til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra. Þá segir í 2. mgr. að skattskyldan nái til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, sbr. þó 3. mgr. þar sem talin er upp með tæmandi hætti sú vinna og þjónusta sem undanþegin er virðisaukaskatti.

Skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á hverjum þeim sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi sinni selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988.

Skattskylda virðisaukaskatts einskorðast ekki við aðila sem heimilisfastir eru hér á landi eða hafa hér fasta starfsstöð. Í 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988 segir þannig að skattskylda hvíli á umboðsmönnum og öðrum sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti.

Hver sá sem skattskyldur er samkvæmt 3. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 50/1988 skal ótilkvaddur og eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá Skattinum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988, sbr. I. kafli reglugerðar nr. 515/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Hafi rekstraraðili ekki fasta starfsstöð hérlendis ber honum að fela umboðsmanni með heimilisfesti hér á landi að vera í fyrirsvari fyrir sig vegna virðisaukaskatts, þ.m.t. að tilkynna um starfsemina til Skattsins, innheimta virðisaukaskatt af skattskyldri þjónustu og skila í ríkissjóð. Umboðsaðili getur hvort heldur verið einstaklingur eða lögaðili og er skráning hans sem slíks, á virðisaukaskattsskrá, óháð og aðskilin skráningu hans vegna eigin starfsemi sem hann kann að stunda. Umboðsmaður og hinn erlendi aðili bera óskipta ábyrgð (solídaríska) á greiðslu virðisaukaskatts hins erlendra aðila.

Til skattskyldrar veltu skráðs aðila telst samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988 öll sala eða afhending vöru og verðmæta gegn greiðslu, svo og seld vinna og þjónusta. Skattskyld velta á hverju uppgjörstímabili, sbr. 24. gr. laganna, telst heildarskattverð allra vara sem afhentar hafa verið, svo og heildarskattverð allrar skattskyldrar vinnu og þjónustu sem innt hefur verið af hendi á tímabilinu, sbr. 1. mgr. 13. gr. laganna.

Almennt skatthlutfall virðisaukaskatts er 24%, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988. Þrátt fyrir framangreint eru í 2. mgr. 14. gr. laganna taldar þær vörur og sú þjónusta sem fellur undir lægra skatthlutfall virðisaukaskatts, 11%. Má meðal annars nefna fólksflutninga, gistiþjónustu og sölu á matvörum og öðrum vörum til mannelis, sbr. 1., 2. og 8. tölul. 2. mgr.

Við skráningu öðlast skattskyldir aðilar rétt til að færa til innskatts virðisaukaskatt þann sem fellur til við kaup þeirra á skattskyldum vörum og þjónustu til nota í rekstrinum, svo og virðisaukaskatt af innflutningi þeirra, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 50/1988.

iii. Starfsemi rekstraraðila skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum

Starfsemi rekstraraðila skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum er skattskyld samkvæmt 2. gr. laga nr. 50/1988. Starfsemi þeirra er fölgin í meðal annars fólksflutningum, gistiþjónustu og sölu á veitingum. Framangreinds er algengt í slíkum förum að boðið sé upp á ýmsa aðra skattskylda þjónustu um boðning og dæmaskyni má nefna þjónustu heilsulinda, snyrtiþjónustu og ferðatengda afþreyingarþjónustu af ýmsu tagi

sem skattskyld er samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Þá er sala á hvers kyns vörum um borð í slíkum förum innan íslenskrar lögsögu skattskyld samkvæmt 1. mgr. sömu greinar.

Skattskyldan tekur einnig til þeirra tilvika þegar rekstraraðilar skemmtiferðaskipa endurselja ferðatengda þjónustu, svo sem dagsferðir eða aðra skattskylda þjónustu til farþega sinna þegar skip taka höfn.

iv. Niðurlag

Rekstraraðilum skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum ber samkvæmt öllu framansögðu að tilkynna starfsemi sína til skráningar á virðisaukaskattsskrá, enda uppfylli þeir skilyrði skráningar, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988. Þeim ber þá að innheimta og skila virðisaukaskatti af sölu sinni á vöru og þjónustu til afhendingar hér á landi. Á móti kemur að við skráningu öðlast rekstraraðili rétt til færslu innskatts af aðföngum til nota við skattskylda starfsemi sína, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 50/1988.

Sé rekstraraðili skemmtiferðaskips í innanlandssiglingum erlendur aðili, sem ekki hefur hér fasta starfsstöð, ber honum að tilkynna starfsemi sína til skráningar með atbeina umboðsmanns. Skráning á virðisaukaskattsskrá er þá gerð í nafni umboðsmannsins fyrir hönd hins erlenda aðila og bera þeir sameiginlega ábyrgð á skilum og greiðslu skattsins.

Skráningu á virðisaukaskattsskrá er aflað með skilum á rafrænni umsókn á þjónustuvef Skattsins. Þegar um skráningu erlends aðila fyrir atbeina umboðsmanns er að ræða þarf þó að notast við eyðublaðið RSK 5.02. Nægilegt er að senda afrit af útfylltu eyðublaði á netfangið skatturinn@skatturinn.is en láta skal samning um veitingu þeirrar þjónustu fylgja með eyðublaðinu. Sé um afturvirka skráningu á virðisaukaskattsskrá að ræða ber einnig að láta fylgja með virðisaukaskattsskýrslur, á eyðublaði RSK 10.01, vegna allra gjaldfallinna uppgjörstímabila virðisaukaskatts frá upphafsdegi skráningar.

Ríkisskattstjóri



Svör Skattsins.

[Redacted]
[Redacted] deloitte.is
Subject: Afnáam tollfrelsis skemmtiferðaskipa - áhrif

Hæ hæ,

Sjá svör í rauðu.

1. Munu erlendu skipafélögin þurfa að leggja virðisaukaskatt ofan á selda miða fyrir ferðir til Íslands?

Já, samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, ber að innheimta VSK af sölu á öllum vörum og þjónustu innan íslenskrar skattalögsögu nema salan sé sérstaklega undanþegin. Starfsemi aðila þarf auk þess að vera í atvinnuskyni þ.e. að tekjur af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði hærri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með VSK til starfseminnar. Ferðir skemmtiferðaskipa innan lögsögunnar eru ekki sérstaklega undanþegnar VSK og ber því að innheimta VSK af öllum seldum ferðum ef starfsemin er rekin í atvinnuskyni. Sala á fólksflutningum ber 11% virðisaukaskatt en ferð með skemmtiferðaskipi fellur þar undir. Þess ber að geta að með skráningu á VSK-skrá öðlast skemmtiferðaskipin rétt til að telja til innskatts VSK af aðföngum til starfseminnar.

2. Ef já, á það við um bæði innanlandssiglingar og millilandasiglingar (eða er innviðagjaldið hugsað til þess)?

Skemmtiferðaskip sem hafa með höndum millilandasiglingar eru ekki virðisaukaskattsskyld hér á landi. Þess í stað hefur verið lagt á þau innviðagjald sem þau greiða fyrir hvern farþega fyrir hvern byrjaðan sólarhring innan íslenskrar lögsögu. Teljist skipið þó vera í innanlandssiglingum er starfsemin orðin virðisaukaskattsskyld og rekstraraðili skipsins því skyldugur til að tilkynna starfsemina til ríkisskattstjóra til skráningar á virðisaukaskattsskrá.

3. Ef já, og skipin eru að selja heildarþakka sem inniheldur þessa hluti hér að neðan, hvaða virðisaukaskattsprósenta væri sú sem ætti að nota?
 1. Káeta um borð – 11%
 2. Hótel fyrir eða eftir ferð – 11%

3. Gisting á hóteli í landi – 11%
4. Ferðir til eða frá hóteli – 11%
5. Matur og vín – 11%
6. Rútuferðir með leiðsögumanni – 11%
7. Rútuferðir án leiðsögumanns – 11%
8. Merkt vara (vatnsbrúsi/taska sambærilegt) oft gefið með ferð(gjöf eða innifalið) - 24%
9. Ómerkt vara (vatnsbrúsi/taska sambærilegt) oft gefið með ferð(gjöf eða innifalið) - 24 %

Líkt og fram kemur í svari nr. 1 fellur sala á fólksflutningum undir lægra skatthlutfall virðisaukaskatts, 11%. Hins vegar þegar um heildarpakka er að ræða þar sem engin sundurliðun á inniföldum vörum og/eða þjónustu er til staðar þarf að skoða hvað er innifalið í pakkanum og í hvaða skatthlutfalli þjónustan og/eða varan er.

Heildarpakkinn fellur þá í það skatthlutfall sem hæst er á einstaka vöru eða þjónustu innan pakkans. Sé t.d. allt ofangreint innifalið í seldri ferð, þ.e. liðir a-i, myndi allur pakkinn bera 24% virðisaukaskatt enda eru þar vörur sem almennt bera 24% virðisaukaskatt. Komi fram sundurliðun á því sem innifalið er í pakkanum á reikningi er heimilt að halda því sem fellur almennt undir 11% virðisaukaskatt í 11% skatti og 24% virðisaukaskatt í 24% skatti.

4. Ef skipin eru farin að innheimta virðisaukaskatt á selda miða er þeim þá heimilt að innskatta keyptar vörur eins og t.d.
 1. Olía
 2. Hafnagjöld
 3. Matur
 4. Annað

Meginreglan er sú að skráður aðili má telja virðisaukaskatt af keyptum vörum og skattskyldri þjónustu (aðföngum) til innskatts þegar aðföngin varða eingöngu sölu hans á vörum og skattskyldri þjónustu.

5. Hvenær er gildistaka þessa hér fyrir ofan?

Vakin er athygli á umfjöllun í kaflanum um frestun á afnámi tollfrelsis í nefndarálití meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, [356/155 nefndarálit: skattar og gjöld | Þingtíðindi | Alþingi](#). Þar er því beint til yfirvalda og rekstraraðila þessara skipa að þeim beri að greiða virðisaukaskatt í samræmi við lög nr. [50/1988](#) og skrá sig á

virðisaukaskattsskrá í samræmi við 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Skylda til að tilkynna starfsemi sína til ríkisskattstjóra til skráningar á virðisaukaskattsskrá hefur því verið í gildi lengi og er því ekki ný af nálinni.

Varðandi tollfrelsi skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum þá fellur það brott 1. janúar 2026 skv. þeim lagaákvæðum sem eru í gildi í dag.